



Skógarkerfill (*Anthriscus sylvestris*)

Skógarkerfill er slæðingur sem barst hingað erlendis frá en er nú löngu orðinn ílendur. Hann hefur dreift sér ört út á eigin spýtur og sækir mjög í að mynda samfelldar breiður sem ekkert fær stöðvað. Kerfillinn leggur undir sig frjósamt land sem hefur verið auðgað af köfnunarefni, svo sem gömul tún og lúpínubreiður.



Alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*)

Alaskalúpínan er án efa ein umdeildasta planta landsins en henni fjölga auðveldlega og dreifist vel og hefur verið erfitt að hafa stjórn á henni. Hún breytir efnasamsetningu jarðvegsins þar sem ómögulegt getur verið að endurheimta fyrri tegundasamsetningu. Í einhverjum tilvikum hopar hún aftur. Við getum séð það okkur nærri að lúpínan hefur þess vegna skapað góð vaxtarskilyrði fyrir skógarkerfillinn sem er orðið mikið vandamál hér í bæ.

Hreinsunarátak 11. júlí

Bolungarvíkurkaupstaður býður íbúum til sérstaks hreinsunarátaks **miðvikudaginn 11. júlí** þar sem fyrirhugað er að vinna á kerfil og lúpínu í bæjarlandinu.

Fólk er hvatt til að taka þátt með sláttuorfum, göflum, skóflum og með því að rífa plöntur upp en hver og einn þarf að koma með sín verkfæri, en einhvað verður einnig á staðnum auk bensíns á orf.

Fyrirhugað er að hreinsa allar plöntur sem eru á svæðum innan íbúa hverfisins og verður skipt upp í hópa á staðnum.

Hefst átakið **kl 16:30** við sundlaugina en að lokum verður fólki boðið upp á grillaðar pylsur.

Sjáumst!

Útgefandi: Bolungarvíkurkaupstaður
og Náttúrustofa Vestfjarða 2018.
Uppsetning, texta og kortagerð: NAVE/
Hulda Birna Albertsdóttir.

Er skógarkerfill eða alaskalúpína í þínum gærði?



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Bolungarvíkurkaupstaður hefur hafið átak í útrýmingu kerfils og lúpínu í sveitarfélaginu.

Þéttbýlinu og svæðinu næst því hefur verið skipt upp í minni svæði og er markmiðið að útrýma kerfil og lúpínu eftir aðgerðaráætlun þar sem byrjað er á því að fækka svæðum sem þessar tegundir vaxa.



Reyting og uppstunga

Ef um einstaka plöntur er að ræða er best að stinga þær upp og farga. Ef plantan er farin að mynda fræ (eftir miðjan júlí) er ekki mælst til þess að þeim sé fargað í lífrænt rusl og þá ráðlagt að henda henni í sorp eða brennslu. Varast skal að dreifa fræjum eftir að þau myndast til að sporna við frekari útbreiðslu.



Sláttur

Sláttur á kerfil hefur skilað mis góðum árangri hingað til en talið er að ef kerfilinn er sleginn þrisvar yfir sumarið áður en hann ber fræ minnkar þróttur hans og hann lítur lægra haldi. Þegar kerfillinn hefur myndað fræ verða aldin hans dökk brún og þá er orðið um seinan að slá hann það sumar.

Best er að slá lúpínuna þegar hún er í fullum blóma og áður en hún myndar fræ, um það bil frá 20. júní til 15. júlí. Þá er hún búin að eyða mikilli orku í að mynda blómin og á ekki mikið eftir til þess að komast á legg aftur. Tilgangslítið er að slá hana að vori eða að hausti. Nauðsynlegt er að slá plönturnar niður við jörð svo enginn ljóstillífandi vefur verði eftir ofanjarðar.

Besti tíminn til að slá eða fjarlægja kerfil svo mestu áhrifin verði af því er eftir blómgun og er tíminn um 20. júní - 10/15 júlí.

Íbúar eru hvattir til að taka þátt í átakinu við að útrýma þessum tegundum úr gördunum sínum og nærliggjandi umhverfi til að leggja sitt af mörkum við að sporna við frekari útbreiðslu þeirra.

Beit

Á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu er hægt að beita hrossum á kerfil og lúpínu en það á ekki við íbúahúsasvæðið. Beit hefur skilað ágætum árangri í útrýmingu þessara plantna.

Upprætingin er langtímaverkefni sem verður ekki lokið á einu ári. Vakta þarf svæðin áfram til að koma í veg fyrir að tegundirnar taki að breiðast út að nýju, því stakar plöntur og fræforði geta hæglega orðið uppspretta að nýjum kynslóðum.

Bent er á facebookhópin:
„Kerfillinn burt úr Bolungarvík” en þar hafa skapast umræður íbúa Bolungarvíkur um málefnið.